

Snæfellsbær
Valgerður Hlín Kristmannsdóttir
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Garðabær, 15.10.2024
Málsnúmer: 202409-0025
MH

Efni: Deiliskipulag vegna bættrar ferðamannþjónustu í landi Litlu-Tungu í Snæfellsbæ

Vísað er til erindis Snæfellsbæjar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 12. september 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um nýtt deiliskipulag í landi Litlu-Tungu í Snæfellsbæ.

Deiliskipulagið nær til 17,4 ha landsvæðis í landi Litlu-Tungu, sem er ný jörð stofnuð úr landi Ytri-Tungu og Grenhóls. Svæðið er sunnan Snæfellsvegar og nær niður að sjó og teygir sig meðfram ströndinni til vesturs og austurs og inn á land Grenhóls og Ytri-Tungu. Í landi Litlu-Tungu er enginn húsakostur en fyrirhuguð er uppbygging innan skipulagssvæðisins sem snýr að bættri ferðamannþjónustu þar sem gert er ráð fyrir salernisbyggingu, þjónustubyggingu, göngustígum og bílastæðum.

Náttúrufræðistofnun skilaði inn umsögn um skipulagslýsingu vegna deiliskipulagsins þann 25. júlí 2024. Þar lagði stofnunin áherslu á að í deiliskipulagi yrði skýrt kveðið á um vernd sela á svæðinu og settir skilmálar um heimsóknir ferðamanna þannig að dýrin fái frið í látrum sínum. Einnig lagði stofnunin til að byggð yrði upp sérstök aðstaða til selaskoðunar þar sem tryggt sé að ekki sé farið nær selum á landi en 100 m. Í deiliskipulagstillögunni sem nú hefur verið auglýst kemur fram að selir haldi sig einkum á skerjum austan og vestan megin við strandlengjuna sem deiliskipulagstillagan nær til. Á staðnum séu leiðbeiningaskilti um umgengni ferðamanna við selalátur og dvalarstaði sela og eru ferðamenn hvattir til að virða reglur um fjarlægðarmörk og tímabil heimsókna. Fram kemur að samstarf sé á milli landeiganda og Náttúrustofu Vesturlands varðandi seli, talningu og leiðbeiningar fyrir ferðamenn. Náttúrufræðistofnun fagnar því að hugað sé að verndun sela á svæðinu í samstarfi við fagaðila.

Innan skipulagssvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og því ber að forðast að raska eins og kostur er. Í deiliskipulagstillögunni kemur fram að byggingar verði ekki reistar á svæðinu sem skilgreint er sem votlendi. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við framkvæmdir á svæðinu verði vandað vel til verka þannig að votlendi á svæðinu verði ekki spillt.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur